

49 Akrahreppi, en síðan í Lýtingsstaðahreppi og ef til vill annarsstaðar. Vorið 1886 kveðst Sigurlaug hafa flutt að Kimbastöðum í Saudárhreppi og dvalið þar aðeins 1 ár og flutt þá aptur í Lýtingsstaðahrepp og dvalið þar þangað til vorið 1897, að hún fluttist að Valadal í Seiluhreppi. Oddviti Lýtingsstaðahrepps hefir haldið því fram, að ekki væri að marka framburð þurfalingsins, þar sem hann að sumu leyti hafi ekki verið í fullu samræmi við vottorð prestsins á Mælifelli, og er það rjett að því er snertir veru Sigurlaugar þar fyrir 1886, en hvað veru hennar snertir á árunum 1887—1897, hafa engar upplýsingar fengizt, er að neinu leyti veiki framburð hennar um að hún hafi þá dvalið öll þau ár samfleytt í Lýtingsstaðahreppi og verður því að byggja á framburði þessum, og því að álita að hún hafi unnið sjer sveit í Lýtingsstaðahreppi með veru sinni þar, þar sem hún á þeim árum engan sveitarstyrk þáði, og þó að hún áður hafi þegið styrk af Akrahreppi til uppeldis börnum sínum, þá getur það ekki svipt hana rjetti til að vinna sjer sveit annarstaðar eptir að hún var hætt að þurfa styrksins.

Hvað viðvikur kröfu yðar um að fá endurgoldnar þær 40 kr., er þegar hafa verið lagðar með Sigurlaugu þessari, virðist ekki næg ástæða til að skylda Lýtingsstaðahrepp til að greiða þær, þar sem styrkveiting þessi, er byrjaði 1901, ekki var tilkynnt framfærslusveitinni fyr en síðastliðinn vetur.

50 *Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu*
 16. maí **um hlunnindi handa sparisjóði Hafnarfjarðar.**

Útaf beiðni, er hingað hefir borizt frá forstöðunefnd sparisjóds Hafnarfjarðar, vill stjórnarráðið hjer með veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. júní næstkomandi að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningskil í lögum sjódsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjódsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi sjódsins í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjódsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið, til leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjódsins.

51 *Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu*
 18. maí **um endurgjald á sveitarstyrk.**

Hreppsnefndin í Geithellahreppi í Suðurmúlasýslu hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu, dags. 4. des. 1903, sem skyldar tjeðan hrepp til að endurgjalda Fellahreppi í Norðurmúlasýslu, legu og útfararkostnað Guðmundar nokkurs Jónssonar með 89 kr. 76 au.

Málavextir eru þessir. Árið 1901—1902 var Guðmundur Jónsson, sem er víðurkenndur sveitlægur í Geithellahreppi vinnumaður á Ormarsstöðum í Fellahreppi. Í marzmánuði 1902 fylgdi hann manni dálitíð á leið til Seyðisfjarðar, en